

Reykholahreppur
Maríutröð 5
Reykholum
380 Reykholahreppur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. mars 2014
Tilvísun: UST20140300028/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykholahrepps 2008 - 2018

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Reykholahrepps er barst 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykholahrepps 2006 – 2018.

Tillagan felur í sér breytingar á afmörkun þéttbýlis á Reykholum og einnig er tillaga um breytingar á frístundasvæðum í sveitarfélaginu.

Breytingar í þéttbýli

Tillaga er um að breyta þéttbýlismörkum Reykhóla þar sem áætlað er að svæði fyrir verslun og þjónustu færist vestar og vestur fyrir núverandi þéttbýlismörk. Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. breytingartillögu stækkar lóð fyrir heilsuhótel úr 2 ha í 4,7 ha. Einnig er tillaga um að áætlað byggingarmagn á hótellóð verði 4000 m² í stað 300 m². Að mati Umhverfisstofnunar er hér um mikla aukningu að ræða og einnig bendir stofnunin á að gert er ráð fyrir að lóðin verði að hluta á svæðinu Breiðarfjörður, eyjar og fjörur, sem er friðað skv. lögum nr. 53/1995. Að mati Umhverfisstofnunar ætti lóðin ekki að fara inn á svæði sem er verndað með lögum en tilgangur laganna er að vernda landslag, jarðmyndanir, lífríki og menningarminjar svæðisins.


Hafnarsvæði


Í ofangreindri breytingartillögu er gert ráð fyrir að hafnarsvæði stækki úr 1 ha í 2 ha, þar sem nýr hafnarkantur er áætlaður. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem áætlað er að reisa hafnargarð á vernduðu svæði þarf að athuga hvort um tikynningaskylda framkvæmd er að ræða skv. gr. 10. (i) í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar sem hafnarsvæðið er á vernduðu svæði þarf í skipulagi að gera ráð fyrir að vandað verði til allra framkvæmda og forðast verði allt óþarfa rask.

Frístundabyggð

Fram kemur í lýsingu að felld er út frístundabyggð á 3,1 ha svæði norðan Langavatns. Einnig kemur fram að afmörkun frístundabyggðar í landi Kirkjubóls verður breytt vegna fjölgunar svæða fyrir frístundabyggð í landi jarðarinnar. Breytingin felur í sér að gert er ráð fyrir nýjum frístundabyggðum F15 – F24 á samtals 21,2 ha svæði þar sem eru áætlaðar 22 lóðir. Einnig kemur fram að hluti lóðanna sé innan svæðis með náttúrulegu birkikjarri. Umhverfisstofnun bendir á að það að áætla nýjar frístundalóðir á svæði vöxnu birkikjarri samræmist ekki gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í lýsingunni er vitnað í greinargerð gildandi aðalskipulags þar sem segir að ný frístundabyggðasvæði skuli vera fyrir utan eða í jaðri náttúrulegra birkiskóga eða kjarri vaxinna stað. Umhverfisstofnun bendir einnig á stefnumörkun stjórnvalda Sjálfbær þróun til 2020, en þar kemur fram að stefnumörkun stjórnvalda gerir ekki ráð fyrir að lykilvistgerðum eins og upprunalegum birkiskógi sé raskað frekar en orðið er. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að gera ráð fyrir nýjum lóðum í upprunalegum birkiskógi.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun